



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1136
komudagur 21.2.2014

Skagafjörður, 21. febrúar 2014
nr. erindis 1402259 HSB

Á 652. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 20. febrúar 2014 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996 (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna.)

Svofelld bókun var gerð:

Lagt fram þingskjal 459, 251. mál á 143. löggjafarþingi Alþingis 2013-2014. Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur)

Stefán Vagn Stefánsson vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu í héraði, þingskjal 458 - 250. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar horfir til þessa máls, þ.e. endurskipulagningar á skipan sýslumannsembætta í landinu, í samhengi við fyrirhugaðar breytingar á skipan lögreglumála sbr. þingskjal 459 - 251. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur mikla áherslu á að horft sé til Norðurlands vestra sem eins stjórnsýslu- og þjónustusvæðis og fagnar því að gert sé ráð fyrir þeirri skipan í frumvarpinu.

Byggðaráð styður því frumvarpið í meginatriðum en bendir á að mikilvægt er að samhliða verði flutt verkefni frá ráðuneytum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu til landshlutanna, þannig að leitast verði við að styrkja landsbyggðina á ný í kjölfar þjónustuskerðinga liðinna ára. Bent er á að ekkert hérað hefur þolað jafn mikla fækkun opinberra starfa á skömmum tíma og Skagafjörður.



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

Mikilvægt er að við svo umfangsmiklar breytingar sem hér eru lagðar til, verði náíð samráð haft við sveitarfélögin um staðsetningu aðalskrifstofa sýslumanna og annarra sýsluskrifstofa, sem og hvaða þjónustu eigi að veita þar. Farið er fram á að allsherjar- og menntamálanefnd geri hér bragarbót á. Lykilatriði er að þjónusta við íbúana skerðist ekki.

Byggðarráð leggur jafnframt áherslu á að aðrar sýsluskrifstofur verði staðsettar þar sem skrifstofur eru fyrir í dag þannig að sameining embætta dragi ekki úr þjónustu við íbúa á þeim svæðum sem hún hefur verið til staðar.

Byggðarráð bendir á að meirihluti íbúa Norðurlands vestra er staðsettur í Skagafirði, þar er atvinnulíf svæðisins öflugast og mikilvægt að samskipti við ríkisvaldið séu greið. Þá er Héraðsdómur Norðurlands vestra staðsettur á Sauðárkróki.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar


Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari